

**269. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 19. júní 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2306096 - Málmaendurvinnslan ehf. - kynning**

Kynning á starfsemi Málmendurvinnslunnar ehf.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Högna Auðunssyni fyrir áhugavert erindi.*

**2. 2211144 - Deiliskipulag Suðurgata 22 - Nýtt**

Umsókn Þóru Emilíu Ármannsdóttur, f.h. eiganda Suðurgötu 22, um nýtt deiliskipulag Suðurgötu 22. Sótt er byggingu íbúðarhúss á tveimur hæðum ásamt rishæð. Hámarksfjöldi íbúða verði 4 íbúðir, nýtingarhlutfall lóðar verði 0,75. Heildarbyggingarmagn á lóð verði 420 m<sup>2</sup> og hámarkshæð húss verði 9,0 m. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum innan lóðar eða eitt bílastæði á íbúð.

Umsóknin var auglýst og kynnt á kynningarfundum 8. júní síðastliðinn. Umsagnir bárust um vinnslutillögu.

*Fundargerð kynningarfundar lögð fram ásamt umsögnum. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**3. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Lokaskýrsla stýrihóps lögð fram ásamt fundargerðum.


*Skýrsla starfshóps lögð fram. Skipulags- og umhverfisráð þakkar starfshópnum fyrir góða vinnu.*

**4. 2303092 - Suðurgata 126 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn S126 ehf. um breyting á deiliskipulagi sementsreits vegna lóðar Suðurgötu 126. Sótt er um breytta notkun húss úr geymsluhúsnæði í íbúðarhúsnæði, skilgreindur verður byggingarreitur undir mannvirki á lóðinni og breyting á útliti húss bílskúrshurð tekin út á norðausturhlið og gluggi settur í staðinn, aðrar hliðar haldast óbreyttar.

*Skipulags- og umhverfiráð tekur jákvætt í erindið en óskað er eftir fullnægjandi gögnum. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**

  
Ragnar Sæmundsson  
Anna Sólveig Smáradóttir